

Ýmis verkefni
09 190

Ársreikningur 2020

Efnisyfirlit

	Bls.
Skýrsla og áritun ábyrgðaraðila	2
Yfirlit um afkomu ársins	3
Efnahagsreikningur	4
Sjóðstreymisyfirlit	5
Starfspáttayfirlit	6
Skýringar	7

Ýmis verkefni

Fjárlagaliðurinn er í umsjón

Fjármála- og efnahagsráðuneytisins

kt. 550169-2829

Arnarhvoli við Lindargötu, 101 Reykjavík

Skýrsla og áritun ábyrgðaraðila

Fjárlagaliðurinn Ýmis verkefni er ríkisaðili í A-hluta á forræði fjármála- og efnahagsráðuneytisins og varðar fastanefndir, lánaumsýslu ríkissjóðs, fjárlagakerfi ráðuneyta, þróunarmál í upplýsingatækni og ýmis önnur verkefni.

Starfsemi fjárlagaliðarins fellur undir málefnasvið og málaflokka samkvæmt flokkun í fjárlögum og kemur aðgreining þess fram í starfspáttayfirliti.

Á árinu 2020 var ársveltan kr. 1.145,8 milljónir og afkoma kr. 76,2 milljónir. Samkvæmt efnahagsreikningi er hrein eign kr. 135,9 milljónir í árslok og eignir samtals kr. 1.522,3 milljónir.

Það er álit mitt að ársreikningur 2020 gefi glögga mynd af rekstri, eignum, skuldum og eiginfjárstöðu fjárlagaliðarins Ýmis verkefni í samræmi við lög um opinber fjármál.

Ábyrgðaraðili staðfestir hér með ársreikning fjárlagaliðarins Ýmis verkefni fyrir árið 2020 með undirritun sinni.

Guðrún Ögmundsdóttir,
skrifstofustjóri

(undirritað rafrænt)

Yfirlit um afkomu ársins 2020

	Skýr	2020	2019
Tekjur			
Tekjufærsla fjárveitinga	2	1.049.300.000	628.700.000
Framlög og ýmsar tekjur	3	17.747.481	20.524.667
Tekjufærsla frestaðra tekna fyrri ára	2	78.756.205	60.919.548
Tekjur samtals		1.145.803.686	710.144.215
Gjöld			
Laun, launatengd gjöld og starfsmannakostnaður	4	162.221.453	136.488.298
Framlög og tilfærslur	5	20.432.160	28.388.850
Annar rekstrarkostnaður	6	806.572.697	657.619.132
Afskriftir	7	78.756.205	60.919.548
Gjöld samtals		1.067.982.515	883.415.828
Afkoma fyrir fjármagnsliði		77.821.171	(173.271.613)
Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld)			
Vaxtagjöld, verðbætur og gengistap		(1.652.423)	(446.896)
		(1.652.423)	(446.896)
Afkoma ársins		76.168.748	(173.718.509)

Skýringar í ársreikningi eru óaðskiljanlegur hluti yfirlits um afkomu ársins.

Efnahagsreikningur 31. desember 2020

	Skýr	31.12.2020	31.12.2019
Eignir			
Fastafjármunir			
Óefnislegar eignir	8	228.975.344	261.244.294
Verk í vinnslu		822.418.755	0
		<u>1.051.394.099</u>	<u>261.244.294</u>
Varanlegir rekstrarfjármunir:	9		
Áhöld, tæki og búnaður		22.466.803	20.412.387
		<u>22.466.803</u>	<u>20.412.387</u>
Fastafjármunir samtals		<u>1.073.860.902</u>	<u>281.656.681</u>
Veltufjármunir			
Tengdir aðilar	10	448.445.663	194.287.182
Veltufjármunir samtals		<u>448.445.663</u>	<u>194.287.182</u>
Eignir samtals		<u>1.522.306.565</u>	<u>475.943.863</u>
Eigið fé og skuldir			
Eigið fé	11		
Hrein eign		135.881.744	59.029.509
Eigið fé samtals		<u>135.881.744</u>	<u>59.029.509</u>
Skuldir			
Tengdir aðilar	10	72.090.831	23.047.962
Viðskiptaskuldir		209.418.406	86.556.819
Ýmsar skammtímaskuldir	12	9.425.600	4.950.596
Frestun tekjufærslu fjárfestingarheimilda	13	1.095.489.984	302.358.977
Skuldir samtals		<u>1.386.424.821</u>	<u>416.914.354</u>
Eigið fé og skuldir samtals		<u>1.522.306.565</u>	<u>475.943.863</u>
Aðrar upplýsingar	14		

Skýringar í ársreikningi eru óaðskiljanlegur hluti efnahagsreiknings.

Sjóðstreymisýfirlit ársins 2020

	Skýr	2020	2019
Rekstrarhreyfingar			
Hreint veltufé frá rekstri:			
Afkoma ársins		76.168.748	(173.718.509)
Rekstrarliðir sem ekki hafa áhrif á fjárstreymi:			
Afskriftir	7	78.756.205	60.919.548
Tekjufærsla frestaðra tekna fyrri ára		(78.756.205)	(60.919.548)
		<u>76.168.748</u>	<u>(173.718.509)</u>
Lækkun (hækkun) rekstrartengdra eigna:			
Viðskiptakröfur - aðrar skammtímakröfur		0	4.375.000
Tengdir aðilar		(203.505.339)	319.547.822
Hækkun (lækkun) rekstrartengdra skulda:			
Skammtímaskuldir		127.336.591	(150.204.313)
		<u>(76.168.748)</u>	<u>173.718.509</u>
		<u>0</u>	<u>0</u>
Handbært fé frá rekstri			
Fjárfestingarhreyfingar			
Kaupverð óefnislegra eigna		(45.185.075)	(105.991.675)
Kaupverð óefnislegra eigna - Verk í vinnslu		(822.418.755)	0
Kaupverð varanlegra rekstrarfjármuna	9	(3.356.596)	(167.991)
		<u>(870.960.426)</u>	<u>(106.159.666)</u>
Fjármögnunarhreyfingar			
Fjárfestingarframlag		870.960.426	106.159.666
		<u>870.960.426</u>	<u>106.159.666</u>
Hækkun (lækkun) á handbæru fé			
Handbært fé í byrjun árs		0	0
		<u>0</u>	<u>0</u>
Handbært fé í árslok			
		<u>0</u>	<u>0</u>

Skýringar í ársreikningi eru óaðskiljanlegur hluti sjóðstreymisýfirlits.

Starfsþáttayfirlit um afkomu ársins 2020, fjárveitingar, breytingar þeirra og stöðu

	Fasta- nefndir 09 190 110	Lánaumsýsla ríkissjóðs 09 190 120	Áætlanagerfi Stjórnarráðsins og Alþingis 09 190 130	Þróunarmál í upplýsinga- tækni 09 190 140	Ísl. upplýsinga- samfélagið, sameiginleg verkefni ráðuneyta 09 190 154	Ýmis verkefni 09 190 190	Tæki og búnaður 09 190 640	Samtals 2020
	05 40	05 40	05 40	05 40	06 10	05 40	05 40	
	Málefna svið - málaflokkur							
Tekjur								
Tekjufærsla fjárveitinga	44.000.000	136.700.000	77.100.000	476.000.000	86.300.000	229.200.000	0	1.049.300.000
Framlög og Ýmsar tekjur	3.838.600	0	0	5.000.000	0	8.908.881	0	17.747.481
Tekjufærsla frestaðra tekna fyrri ára	0	0	0	53.150.127	0	931.277	24.674.801	78.756.205
Tekjur samtals	47.838.600	136.700.000	77.100.000	534.150.127	86.300.000	239.040.158	24.674.801	1.145.803.686
Gjöld								
Laun og launatengd gjöld	37.315.839	0	0	113.803.221	2.812.393	8.290.000	0	162.221.453
Rekstrartilfærslur	0	0	0	6.150.000	0	14.282.160	0	20.432.160
Annar rekstrarkostnaður	10.046.550	138.026.483	16.986.411	354.098.138	102.738.815	184.676.300	0	806.572.697
Afskriftir	0	0	0	53.150.127	0	931.277	24.674.801	78.756.205
Gjöld samtals	47.362.389	138.026.483	16.986.411	527.201.486	105.551.208	208.179.737	24.674.801	1.067.982.515
Afkoma fyrir fjármagnsliði	476.211	(1.326.483)	60.113.589	6.948.641	(19.251.208)	30.860.421	0	77.821.171
Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld)								
Vaxtagjöld, verðbætur og gengistap	(5.242)	0	(61.769)	(1.260.277)	(132.802)	(192.333)	0	(1.652.423)
	(5.242)	0	(61.769)	(1.260.277)	(132.802)	(192.333)	0	(1.652.423)
Afkoma ársins	470.969	(1.326.483)	60.051.820	5.688.364	(19.384.010)	30.668.088	0	76.168.748
Afkoma ársins skipt eftir fjárheimildaliðum								
Rekstur	470.969	(1.326.483)	60.051.820	11.838.364	(19.384.010)	40.150.248	0	91.800.908
Rekstrartilfærslur	0	0	0	(6.150.000)	0	(9.482.160)	0	(15.632.160)
	470.969	(1.326.483)	60.051.820	5.688.364	(19.384.010)	30.668.088	0	76.168.748
Yfirlit um fjárveitingar ársins, breytingar þeirra og stöðu í árslok aðrar en vegna fjárfestinga:								
Fjárlög að frádregnum rekstrartekjum	29.200.000	123.900.000	77.100.000	456.000.000	86.300.000	168.000.000	0	940.500.000
Fjárlög	14.800.000	0	0	0	0	92.000.000	0	106.800.000
Millifærslur milli fjárlagaliða	0	12.800.000	0	20.000.000	0	(32.800.000)	0	0
Millifært af ráðstöfunarlið ríkisstjórnar	0	0	0	0	0	2.000.000	0	2.000.000
Fjárveiting til tekna	44.000.000	136.700.000	77.100.000	476.000.000	86.300.000	229.200.000	0	1.049.300.000
Ráðstöfun ársins, skv. rekstrarreikningi	(43.529.031)	(138.026.483)	(17.048.180)	(470.311.636)	(105.684.010)	(198.531.912)	0	(973.131.252)
Staða fjárveitinga ársins í lok árs	470.969	(1.326.483)	60.051.820	5.688.364	(19.384.010)	30.668.088	0	76.168.748
Staða fjárveitinga 2019 í lok þess árs	30.393.051	0	0	(17.676.188)	13.310.890	33.685.243	0	59.712.996
Staða fjárveitinga skipt eftir fjárheimildaliðum								
Rekstur	30.864.020	(1.326.483)	60.051.820	(5.837.824)	(6.073.120)	73.835.491	0	151.513.904
Rekstrartilfærslur	0	0	0	(6.150.000)	0	(9.482.160)	0	(15.632.160)
	30.864.020	(1.326.483)	60.051.820	(11.987.824)	(6.073.120)	64.353.331	0	135.881.744
Fjárfestingar								
Fjárveiting ársins skv. Fjárlögum og Fjárlögum	0	0	0	164.800.000	0	0	0	164.800.000
Millifærslur milli fjárlagaliða	0	0	0	502.087.212	0	0	(502.087.212)	0
Heimildir til flýtingar á framkvæmdum	0	0	0	205.000.000	0	0	502.087.212	707.087.212
Fjárfesting á árinu	0	0	0	(870.960.426)	0	0	0	(870.960.426)
Staða fjárfestingarfjárveitingar	0	0	0	926.786	0	0	0	926.786
Staða fjárfestinga 2019 í lok þess árs	0	0	27.800.000	(6.159.666)	0	(938.038)	0	20.702.296
Staða fjárfestingarheimilda í árslok 2020	0	0	27.800.000	(5.232.880)	0	(938.038)	0	21.629.082

Skýringar í ársreikningi eru óaðskiljanlegur hluti starfsþáttayfirlits

Skýringar

1. Yfirlit um helstu reikningsskilaaðferðir

Grundvöllur reikningsskila

Ársreikningurinn er gerður í samræmi við lög um opinber fjármál og ákvarðanir reikningsskilaráðs A-hluta ríkissjóðs auk þess að styðjast við ákvæði laga um ársreikninga eftir því sem við á. Hér er gerð grein fyrir helstu reikningsskilaaðferðum sem beitt er við gerð ársreikningsins. Reikningsskilin eru á rekstrargrunni að öðru leyti en sjóðstreymi sem er á greiðslugrunni.

Beitt er kostnaðarverðsreglu við reikningsskilin.

Við gerð reikningsskilanna þurfa stjórnendur að meta ýmis atriði og gefa sér forsendur um mat á eignum, skuldum, tekjum og gjöldum. Aðferðir þessar eiga sér stoð í alþjóðlegum reikningsskilastöðlum, IPSAS, ákvörðunum reikningsskilaráðs A-hluta ríkissjóðs eða styðjast við ákvæði ársreikningalaga, en raunverulegt verðmæti þeirra liða sem þannig eru metnir getur við sölu eða innlausn reynst annað en niðurstaða samkvæmt matinu.

Innlausn tekna

Tekjur af afhendingu á vörum og þjónustu til þriðja aðila eru metnar á gangvirði móttækis endurgjalds.

Tekjur af sölu vöru eru færðar þegar verulegur hluti áhættu og ávinnings af eignarhaldi hefur færst til kaupanda.

Tekjur vegna veittrar þjónustu eru færðar línulega yfir þann tíma sem þjónustan er veitt, nema fyrir liggi atvik sem betur lýsir lokum viðskiptanna.

Fjárveitingar til rekstrar ársins eru færðar til tekna á árinu.

Fjárveitingar sem ætlaðar eru til fjárfestinga eru færðar til tekna þannig að þær mæti þeim kostnaði sem af fjárfestingunni hlýst í formi afskrifta, úreldingar eða sölutaps.

Gjöld

Gjöld eru færð á því tímabili þegar til þeirra er stofnað.

Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld

Vaxtatekjur vegna skuldabréfaeignar eru tekjufærðar miðað við upphaflega ávöxtunarkröfu og vaxtatekjur krafna eru tekjufærðar eins og þær falla til nema vafi leiki á um innheimtu þeirra. Vaxtatekjur af almennum bankainnistæðum færast hjá ríkissjóði.

Viðskipti í öðrum myntum en íslenskum krónum eru umreiknuð yfir í ISK á gengi viðskiptadags. Gengismunur sem myndast við greiðslu skulda og innheimtu krafna er færður í yfirlit um afkomu sem og áfallinn gengismunur á eignir og skuldir í lok ársins.

Óefnislegar eignir

Óefnislegar eignir eru upphaflega færðar á kostnaðarverði.

Óefnislegar eignir með takmörkuðum líftíma eru færðar á kostnaðarverði að frádreginni virðisrýrnun og niðurfærslum. Niðurfærslur eru gjaldfærðar línulega yfir líftíma eignarinnar í yfirliti um afkomu. Almenn er áætlaður nýtingartími tölvuhugbúnaðar sex til átta ár.

Óefnislegar eignir með ótakmarkaðan nýtingartíma eru ekki niðurfærðar en eru prófaðar a.m.k. árlega með tilliti til virðisrýrnunar.

Innleyst tap vegna ráðstöfunar óefnislegra eigna er fært í yfirlit um afkomu á því tímabili þegar viðskiptin eiga sér stað. Söluverð eigna og þar með söluhagnaður myndar fjárfestingarheimild og er meðhöndlað þannig.

Óefnislegar eignir með takmörkuðum líftíma eru skoðaðar a.m.k. árlega til að ákvarða hvort einhver vísending sé um virðisrýrnun. Ef endurheimtanleg fjárhæð óefnislegrar eignar er lægri en bókfært verð hennar, er bókfært verð hennar fært í endurheimtanlega fjárhæð og virðisrýrnunartap fært í yfirlit um afkomu.

Skýringar

Varanlegir rekstrarfjármunir og afskriftir

Varanlegir rekstrarfjármunir eru færðir á kostnaðarverði að frádregnum afskriftum. Liggi kostnaðarverð ekki fyrir er miðað við metið gangvirði sem kostnaðarverð. Ef eignar er aflað án endurgjalds eða gegn vægu endurgjaldi er eignin færð til tekna á gangverði, þegar gangvirði verður ákvarðað með áreiðanlegum hætti, í yfirlit um afkomu.

Afskriftir eru reiknaðar línulega miðað við áætlaðan notkunartíma einstakra hluta rekstrarfjármuna þannig að kostnaðarverði, eða matsvirði, að frádregnu niðurlagsverði sé dreift á notkunartíma eignarinnar. Afskriftaraðferð, notkunartími og niðurlagsverð eru endurmetin á uppgjörsdegi og breytt ef við á.

Áætlaður notkunartími varanlegra rekstrarfjármuna er sem hér segir eftir flokkum:

Áhöld, tæki og búnaður 3-10 ár

Þegar bókfært verð eigna er hærra en endurheimtanlegt verð þeirra, eru eignirnar færðar niður í endurheimtanlegt verð.

Söluverð og þar með talinn söluhagnaður eigna myndar heimild til endurnýjunar eigna og er meðhöndlað sem fjárfestingarheimild. Tap af sölu eigna er mismunur á söluverði og bókfærðu verði á söluþegi og er hluti af afkomu ársins.

Kostnaður vegna viðhalds er gjaldfærður í yfirlit um afkomu þegar hann fellur til. Kostnaður við meiriháttar endurbætur á varanlegum rekstrarfjármunum er eignfærður þegar endurbótum er ætlað hafa í för með sér að eignir verði hæfari til tekjuöflunar eða nýtingartími breytist. Endurbæturnar eru afskrifaðar á áætluðum endingartíma viðkomandi eigna.

Viðskiptaskuldir og aðrar skuldir

Viðskiptaskuldir og aðrar skuldir eru skráðar eftir mati á þeim útgjöldum sem þarf til að gera upp skuldbindinguna. Skuldir sem gerast upp eftir lengri tíma en 12 mánuði, aðrar en orlofsskuldbinding, eru skráðar á núvirði áætlaðs framtíðarsjóðstreymis vegna greiðslu þeirra.

Skuldbindingar

Skuldbindingar eru framtíðarútgjöld og -skuldir í samningum sem gerðir hafa verið á reikningskiladegi.

Skuldbindingar eru flokkaðar þannig:

- leiguskuldbinding: óuppsægjanlegar rekstrarleigugreiðslur með leigutíma umfram eitt ár
- uppsægjanlegar skuldbindingar með viðurlögum eða útgöngukostnaðarákvæðum í samningi, eru færðar á því verði sem nemur viðurlögum eða útgöngukostnaði (það er lágmarks framtíðargreiðslur)

Skuldbindingar um greiðslu vaxta af skuldum, skuldbindingar um framlög og skuldbindingar sem tengjast ráðningarsamningum starfsmanna eru ekki taldar með í samantekt um skuldbindingar.

Tengdir aðilar

Tengdir aðilar er ríkissjóður og aðrir ríkisaðilar í A-hluta ríkissjóðs.

Starfspáttayfirlit

Þegar starfsemi stofnunar nær yfir fleiri en eitt fjárlagaviðfang, málefnasvið eða málaflokk er aðgreining fjárlagaviðfang, málefnasviða og málaflokka birt í starfspáttayfirliti. Það nær til yfirlits um afkomu og greininga fjárveitinga ársins, breytinga þeirra á árinu og stöðu í árslok.

Samanburðarfjárhæðir

Þar sem við á hefur samanburðarfjárhæðum verið breytt til þess að gæta samræmis við breytingu á framsetningu þessa árs.

Skýringar

	2020	2019
2 Tekjufærsla fjárveitinga		
Fjárveiting ársins	1.049.300.000	628.700.000
Tekjufærsla frestaðra tekna	78.756.205	60.919.548
	<u>1.128.056.205</u>	<u>689.619.548</u>

Yfirlit um fjárveitingar ársins, breytingar þeirra og stöðu í árslok:

	Rekstur	Rekstrar- tilfærslur	Fjármagns- tilfærslur	Samtals
Fjárlög að frádregnum rekstrartekjum skv. fjárlögum	937.700.000	2.800.000	0	940.500.000
Fjáraukalög	106.800.000	0	0	106.800.000
Millifært af ráðstöfunarlið ríkisstjórnar	0	2.000.000	0	2.000.000
Fjárveiting til tekna	1.044.500.000	4.800.000	0	1.049.300.000
Ráðstöfun ársins, skv. yfirliti um afkomu að frádregnum sértekjum	(952.699.092)	(20.432.160)	0	(973.131.252)
Staða fjárveitinga ársins í lok árs	91.800.908	(15.632.160)	0	76.168.748

	2020	2019
3 Framlög og ýmsar tekjur		
Afnotagjöld	5.000.000	0
Framlög frá öðrum en ríkissjóði og gjafir	0	2.188.142
Ýmsar tekjur	12.747.481	18.336.525
	<u>17.747.481</u>	<u>20.524.667</u>

4 Laun, launatengd gjöld og starfsmannakostnaður

Laun	129.948.926	113.467.326
Orlof, breyting	4.475.004	1.655.145
Launatengd gjöld	27.265.133	20.756.922
Starfsmannakostnaður	532.390	608.905
	<u>162.221.453</u>	<u>136.488.298</u>
Meðalfjöldi stöðugilda	8,0	7,5

5 Framlög og tilfærslur

Rekstrartilfærslur til ríkisaðila í A-hluta	13.900.000	18.098.438
Rekstrartilfærslur aðrir	6.532.160	10.290.412
	<u>20.432.160</u>	<u>28.388.850</u>

Skýringar

	2020	2019
6 Annar rekstrarkostnaður		
Bækur, ritföng, filmur o.fl.	347.076	5.690
Ýmis tæki og áhöld	249.765	36.184
Matvæli	1.044.244	579.257
Almennar rekstrarvörur	205.310	0
Vörukaup, almenn	1.846.395	621.131
Fundir, námskeið, risna	6.435.109	850.447
Ferðir, uppihald	285.243	415.309
Akstur	365.692	334.231
Sérfræðiþjónusta	396.763.461	276.946.756
Innheimta, umboðs-, sölu- og þjónustugjöld	42.816	35.580
Auglýsingar og kynningarstarfsemi	16.464.054	17.672.995
Prentun, póstur, flutningar og önnur þjónusta	15.315.720	9.276.080
Funda- og ferðakostnaður, akstur og ýmis sérfræðiþjónusta	435.672.095	305.531.398
Samningsbundin kaup og leiga	157.434.175	131.453.481
Afnotagjöld	196.528.132	128.621.122
Leigugjöld	3.525.588	390.186
Verkkaup	636.312	554.735
Kostnaðarhlutdeild	10.930.000	17.552.679
Tilfærslur	0	72.894.400
Leigugjöld, verkkaup, bætur, tryggingar, opinber gjöld o.fl.	369.054.207	351.466.603
Annar rekstrarkostnaður samtals	806.572.697	657.619.132
7 Afskriftir		
Áhöld, tæki og búnaður	1.302.180	5.728.193
Niðurfærsla óefnislegra eigna	77.454.025	55.191.355
	78.756.205	60.919.548
	31.12.2020	31.12.2019
8 Óefnislegar eignir		
Óefnislegar eignir	228.975.344	261.244.294
Óefnislegar eignir greinast þannig í árslok 2020:		Hugbúnaður
Stofnverð 1.1.2020		331.617.543
Viðbót á árinu		45.185.075
		376.802.618
Niðurfært 1.1.2020		70.373.249
Niðurfærsla ársins		77.454.025
		147.827.274
Staða 31.12.2020		228.975.344
	31.12.2020	31.12.2019
Óefnislegar eignir - Verk í vinnslu	822.418.755	0
	822.418.755	0

Skýringar

9 Varanlegir rekstrarfjármunir

	31.12.2020	31.12.2019
Varanlegir rekstrarfjármunir greinast þannig:		
Áhöld, tæki og búnaður.....	22.466.803	20.412.387
	<u>22.466.803</u>	<u>20.412.387</u>

Varanlegir rekstrarfjármunir og afskriftir greinast þannig í árslok 2020:

	Áhöld, tæki og búnaður
Staða 1.1.2020	60.185.323
Viðbætur á árinu	<u>3.356.596</u>
	63.541.919
Afskriftir 1.1.2020	39.772.936
Afskrift ársins	<u>1.302.180</u>
	41.075.116
Staða 31.12.2020	<u>22.466.803</u>
	31.12.2020
	31.12.2019

10 Tengdir aðilar

Viðskipti við tengda aðila eru á sömu kjörum og viðskipti við ótengda aðila.

Kröfur á tengda aðila:

Viðskiptareikningur við ríkissjóð	439.536.782	180.677.317
Aðrir ríkisaðilar í A-hluta ríkissjóðs	8.908.881	13.609.865
	<u>448.445.663</u>	<u>194.287.182</u>

Skuldir við tengda aðila:

Viðskiptareikningar við ríkisaðila í A-hluta ríkissjóðs	72.090.831	23.047.962
	<u>72.090.831</u>	<u>23.047.962</u>

11 Eigið fé

Yfirlit um breytingar á eiginfjárreikningum;

Hrein eign

Jöfnuður 1.1.	59.029.509	303.862.040
Breytingar á árslokastöðu fyrra árs samkvæmt ákvörðun fjármála- og efnahagsráðuneytisins	683.487	(71.114.022)
Afkoma ársins	76.168.748	(173.718.509)
Jöfnuður 31.12.	<u>135.881.744</u>	<u>59.029.509</u>

Ráðstöfun afkomu ársins og yfirfærsla eiginfjár yfir á næsta ár er háð frekari yfirferð og byggir endanleg ákvörðun á reglum sem fjármála- og efnahagsráðuneyti setur út frá 30. gr. laga um opinber fjármál í samráði við viðkomandi fagráðuneyti. Niðurstaðan verður birt í séryfirliti með ríkisreikningi.

Skýringar

	31.12.2020	31.12.2019
12 Ýmsar skammtímaskuldir		
Ógreitt orlof	9.425.600	4.950.596
	<u>9.425.600</u>	<u>4.950.596</u>

13 Frestun tekjufærslu fjárveitinga til fjárfestinga

Ríkissjóður fjármagnar rekstur stofnunarinnar, þar með taldar fjárfestingar. Fjárfesting í varanlegum rekstrarfjármunum er í eðli sínu fyrirframgreiðsla kostnaðar sem dreift er til gjalda á notkunartíma eignarinnar í formi afskrifta. Við innfærslu eignanna eru færðar frestaðar tekjur vegna fjárveitinga til fjárfestinga sem færast til tekna á eftirstöðvum notkunartíma eignanna eða falla niður við sölu eignarinnar nema söluandvirðið verði notað til endurfjárfestingar.

	31.12.2020	31.12.2019
Frestaðar tekjur vegna fjárfestingafjárveitinga	1.073.860.902	281.656.681
Ónotuð fjárveiting til fjárfestinga	21.629.082	20.702.296
	<u>1.095.489.984</u>	<u>302.358.977</u>

	Frestaðar tekjur vegna fjárfestinga	Fjárfestinga- fjárveiting	Samtals frestaðar tekjur
Staða 1.1.2020	281.656.681	20.702.296	302.358.977
Fjárfestingarfjárveiting ársins	0	871.887.212	871.887.212
Fjárfesting í varanlegum rekstrarfjármunum	3.356.596	(3.356.596)	0
Fjárfesting í óefnislegum eignum	45.185.075	(45.185.075)	0
Fjárfesting í óefnislegum eignum - Verk í vinnslu	822.418.755	(822.418.755)	0
Tekjufærsla frestaðra tekna	(78.756.205)	0	(78.756.205)
	<u>1.073.860.902</u>	<u>21.629.082</u>	<u>1.095.489.984</u>

Af frestuðum tekjum vegna fjárfestinga í árslok 2020 munu kr. 90,9 milljónir koma til tekna á árinu 2021.

14 Aðrar upplýsingar

Skuldbindandi samningar

Í gildi eru eftirfarandi samningar: samningur um rafræna auðkenningu við Auðkenni, samningur við NIIS, samningur við Fjólís, samningur við Rannís, samningur við Seðlabanka Íslands um lánaumsýslu ríkissjóðs og samningar vegna innleiðingar og aðlögunar skrifstofuuhverfis stofnana að Microsoft.

Veðsetningar

Engar veðsetningar eru áhvílandi á eignum fjárlagaliðsins í árslok 2020.

Veittar ábyrgðir

Fjárlagaliðurinn hefur ekki gengist í ábyrgðir vegna þriðja aðila.

Óefnislegar eignir

Vegna ákvæða í lögum um ársreikninga um að óheimilt sé að eignfæra áður gjaldfærðar óefnislegar eignir eru óefnislegar eignir sem stofnað var til fyrir 1.1.2017 ekki færðar til eignar við innleiðingu á LOF.

Óefnislegar eignir fjárlagaliðsins felast í ýmsum hugbúnaði og lausnum þeim tengdum.

Óafturkallanleg loforð

Fjárlagaliðurinn hefur ekki veitt nein óafturkallanleg loforð sem hafa áhrif á framtíðarrekstur hans.

Atburðir eftir reikningsskiladag

Engir atburðir hafa átt sér stað eftir reikningsskiladag sem hafa áhrif á fjárhagsstöðu og upplýsingar í ársreikningi.